

2 lúxusborgarar
Beikon
Ostur
Sósa
Pepsi 1 l

KJARVAL

Sumarið er frábært!

HM borgarar
og Pepsi eða
Pepsi Max, 1 l

798
kr./pk.



Kryddlegið
hrefnukjöt
1618
kr./pk.



20%
afsláttur
Caj P's
foleidakjöflettur
1342
kr./kg
verð áður 1638



20%
afsláttur
2262
kr./kg
verð áður 2828



349
kr./pk.



Fanta appelsín, 2 l
149
kr./flk.



AB-mjólkurdrykkir, 250 ml
69
kr./flk.



Veganesti kanilsnúðar
246
kr./pk.



Ariel Compact, 18+3 þvottar
1398
kr./pk.



Knorr boltasúpur
358
kr./pk.



Grillkveikjari, langur
529
kr./flk.

KJARVAL Klaustrur: Sími 487 4616 Vn. Sími: 487 1326 Heildisíki: Sími 585 7590 Þryllisíki: Sími 585 7596 Húsi: Sími 585-7545

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRET TABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

**Héraðsbókasafn
Vestur-Skaftafellssýslu**
verður lokað í sumar.

Síðasti dagur fyrir sumarfrí er
mánudagur 14. júní,
en þá er opið kl.18-20
og tækifæri til að skila bókum.

Guðný Helgadóttir
bókavörður.

Snyrtistofan í Vík

Verður lokað vegna sumarleyfis
frá 16. júní til 15. júlí

Kveðja Margrét
8683642

Opnunartími

Versl. Kjarvals,
Kirkjubæjarklaustri

Alla daga vikunnar frá kl. 9-20

Versl. Kjarvals Vík

Mánudaga-laugardaga kl. 9-19
sunnudaga kl. 12-18

SMÁAUGLÝSINGAR

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir
verður á Heilsugæslustöðinni í Vík
þriðjudaginn 15. júní

Tímamantanir í síma 480 5340

Margt er sér til gamans gert
gleði til að vekja
ekki telst víst umtalsvert
þótt reynt sé það að rekja.

E

23. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 9. JÚNÍ 2010

Sóknarnefnd Skeiðflatarsóknar

auglýsir eftir starfskrafti til að slá og snyrta Skeiðflatar- og Sólheimakirkjugarða í Mýrdal.

Nánari upplýsingar gefa Hróbjartur í síma 897 1278 eða Sæunn í síma 891 7810

Auglýsing frá Hestamannafélaginu Kóp.

Vegna þess heilsufarsástands sem nú er á hrossum víða um land höfum við tekið þá ákvörðun að fresta félagsmóti Kóps sem halda átti 19.- 20. júní n.k.

Ef ástandið versnar ekki þ.e. sýkingin grasserar ekki á okkar svæði fram að þessum tíma höfum við hugsað okkur að hægt væri, með stuttum fyrirvara, að halda firmakeppni eða opið óformlegt töltmót um þetta leyti. Fólk fer þá ekki alveg varhluta af því að hittast og leiða saman hesta sína og gera sér glaðan dag.


Við viljum ekki blása mótið alveg af og hugsum okkur að það gæti orðið í ágúst ef hross almennt verða frísk þá.

Af sömu ástæðu verður reiðskóla á vegum Kóps frestað um óákveðinn tíma.
En allt þetta verður auglýst nánar síðar ef af verður.

Endilega fylgist með á heimasíðunni hmf- kopur.bloggar.is

Stjórn Kóps

Jón Geir, Kristín Lár., Ása Gróa, Kristín Á. og Sigurjón Fannar.



Ferming í Skeiðflatararkirkju 25. apríl sl. F.v. Þorsteinn Björn Einarsson Ytri-Sólheimum, Marínó Freyr Steinþórsson Ási og sr Haraldur M Kristjánsson.



† 29.12.1966 - 07.06.2010

Óskar Sigurður Þorsteinsson frá Ytri-Sólheimum, síðast bóndi að Brekkum 3 í Mýrdal lést þann 7. júní 2010 á Landsspítalanum eftir harða baráttu við krabbamein.

VITINN sendir foreldrum, systkinum og aðstandendum öllum innilegar samúðarkveðjur

Á DÖFINNI

Göngudagur fjölskyldunnar sunnudagskvöldið 20. júní hjá UMF. Skafta

Stórdansleikur í Félagsheimilinu Leikskálum Vík 12. júní

(mánud. 14 júní) hefjast sumaræfingar í fótbolta og frjálsum hjá UMF KÖTLU

Golfnámskeið !Byrjendanámskeið 13. júní frá kl: 10 – 12 á golfvöllinum í Vík.

Íþróttæfingar hefjast miðvikudaginn 9. júní hjá UMF SKAFTA

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík 15. júní



Eins og sjá má, er ristarliðið við afleggjarann að Sólheimabæjum og Mýrdalsjökli, hætt að sinna tilgangi sínum.

Mynd: Halldóra Gylfadóttir

Mikil aska í Mýrdal

Halldóra Gylfadóttir, starfsmaður á elliheimilinu Hjallatúni í Vík, segir að mikil aska hafi fallið þar á bæ.

„Það er yfirleitt eitthvað öskufall á hverjum degi, en ekki í dag og ekki í gær,“ segir Halldóra.

Hún segir að það sé fátt annað í boði, en að harka af sér. „Lífið heldur áfram og hér er ekkert væl. Garðurinn er þakinn ösku og grasið er fullt af ösku, en það er lítið sem við getum gert.“

Halldóra ræktar hross samhliða hjúkrunarstarfinu. Hún segir að hún þurfi að fylgjast vel með skepnunum. „Við erum með gott hesthús, sem við notum óspart ef okkur list ekki á blikuna.“

Meðfylgjandi mynd tók Halldóra af ristarliðinu við afleggjarann að Sólheimabæjum og Mýrdalsjökli þann 6. júní.

MBL. Þriðjudaginn 8. júní 2010



Hópur vaskra manna undir stjórn Guðmundar Inga lögreglumanns var mættur hér á Skeiðflöt 3. júní að hreinsa ösku úr rennum og fl.

Takk fyrir komuna piltar

Tófa innan um féð

Ásmundur í Hryggjum varð vitni að því fyrir skömmu, að lítið tófukvikindi var innan um lambféð hjá honum.

Hann sá að ærnar stóðu í einum hnapp og þegar hann fór að gæta að kom tófan í ljós í miðjum fjárhópnum. Ekki hafði Ásmundur tök á að ná í byssu í fljótheitum þannig að rebbi fór létt með að láta sig hverfa.

Ekkert virtist rebbi hafa unnið fénu mein, hvorki ám né lömbum.

Stöðugt heyrast fréttir af tófum hér í sveitinni þótt lítið verði vart við alvöru dýrbíta.

En það er lítt spennandi að vita af þessum kvikindum um allar sveitir og þegar þetta er orðið svona margt ræðst ekkert við að útrýma þeim, enda víst litlir peningar fáanlegir til þeirra verka.

Eflaust sækir tófan meira niður á sléttlendi út af gosinu og allri öskunni til heiðanna og því lítið um æti. E.

KARLAKÓRINN SÖNGBRÆÐUR



Karлакórinn Söngbræður
úr Borgarfirði heldur tónleika
laugardaginn 12. júní
í Víkurkirkju kl. 15:00 og í Kirkjuhvoli
á Kirkjubæjarklaustri kl. 20:30
Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

Æfingar að hefjast hjá Umf. Kötlu.

Í næstu viku (mánud. 14 júní) hefjast sumaræfingar í fótbolta og frjálsum.

Dagar og tími verða sem hér er skrifað: Fótbolti (5-10 bekkur) mánudags og miðvikudagskv. frá kl. 19:30 -21:00

Frjálsar (5-10 bekkur) þriðjudags og fimmtudagskv. frá kl 19:30 til 21:00

Nánari upplýsingar veitir Þorgils í s: 845-6252

EKKI verður frjálsíþróttæfing fimmtudaginn 17 júní.

Stórdansleikur

í Félagsheimilinu Leikskálum Vík 12. júní
þar sem hljómsveitin NÆÐI spilar

Er ekki kominn tími til að hrísta upp í sér eftir eldgosíð og öskuviðbjóðinn??

Miðaverð 2000 kr Aldurstakamark 16 ára
Allir hvattir til að mæta
Kanski mætir Júlí Heiðar og tekur lagið

Láttu þig ekki vanta á ALVÖRU SVEITABALL



Erna Jónsdóttir úr Vík, dóttir Jóns Hjálmarssonar og Sigrúnar Guðmundsdóttur, er dúx útskriftarhóps Menntaskólans á Laugarvatni.

Hún hlaut einkuninna 9,51, en sú einkunn er vegið meðaltal af öllum einkunnum hennar í 4 ár á náttúrufræðibraut. Það er einn besti árangur í sögu skólans.

Golfnámskeið !

Byrjendanámskeið verður haldið sunnudaginn 13. júní
frá kl: 10 – 12 á golfvellið í Vík.

Kennari verður Karl Ómar Karlsson IPGA-kennari
og er aðgangur ókeypis.

Hægt er að fá kylfur lánaðar á staðnum.

Eftir hádegið verður boðið upp á para og einstaklingstíma
gegn vægu gjaldi.

**Við viljum minna golfara á vinnukvöldið
sem verður fimmtudaginn 10. júní kl: 19:00.**

Mótaröðin hefst þriðjudaginn 15. júní kl: 20:00 og keppt verður í höggleik.

Nánari upplýsingar í síma 861 1779
Stjórn GKV

UMF. Skafti auglýsir

Íþróttæfingar hefjast miðvikudaginn 9. júní. Æfingarnar verða á
mánudags- og miðvikudagskvöldum frá kl. 20:30 - 22:00.

Þjálfari verður Harpa Ósk Jóhannesdóttir

Göngudagur fjölskyldunnar verður haldinn sunnudagskvöldið 20. júní.
Gengið verður á Stakk í Hemruheiði.

Fararstjóri verður Sigurður Ómar Gíslason. Mæting við Hemruafleggjarann
kl. 20:30.

Stjórnin